

Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis,
Nefndasvið Alþingis
150 REYKJAVÍK

Garðabær, 09. október 2019
2019090040/42-1-3
TB
jgo/tb

Tillaga til þingsályktunar um mótun efnahagslegra hvata til að efla ræktun orkujurta á Íslandi, 44. mál.

Vísað er til tölvupósts/bréfs frá umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis, dags. 27. september sl., þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um tillögu til þingsályktunar um mótun efnahagslegra hvata til að efla ræktun orkujurta, repju og nepju, á Íslandi, 44. mál.

Náttúrufræðistofnun getur tekið undir að allra leiða sé leitað til að minnka notkun á jarðefnaeldsneyti og að notkun olíu úr plöntum geti verið ein leið til þess. Í greinargerð með tillögunni eru færð rök fyrir því hvers vegna ástæða sé til að styðja ræktun á jurtum til að vinna úr þeim olíu og má taka undir margt af því sem talið er vera ávinningur af ræktun orkujurta. Í kafla um landþörf er fjallað um fiskiskipaflotann og bent á að til að mæta notkun flotans á jarðdísilolíu, 160 þús tonn, þyrfti að rækta orkujurtir á um 1.600 ferkílómetrum af landi. Við skoðun Náttúrufræðistofnunar kemur í ljós að land undir 100 m y.s. á Íslandi er 18.176 km² og 1.600 km² því um 8% af því en tún og akurlendi eru nú um 1.800 km². 1.600 km² svara til rúmlega fimmfaldrar útbreiðslu lúpínu í dag.

Í kafla um landþörf er komið inn á að repjan sé ekki kröfuhörð með tilliti til ræktarlands og þrífist t.d. í sendinni jörð og hana megi nota til uppgræðslu og nota lúpínu sem tegund til að undirbúa jarðveginn. Jafnframt er lagt til í tillögunni að tekin sé afstaða til nokkurra efnahagslegra hvata í aðgerðaráætluninni. Hvergi í tillögunni er hins vegar lagt til að skoða vel hvaða land gæti verið hentugt til viðamikillar útbreiðslu á einni eða tveimur tegundum t.d. með tilliti til líffræðilegrar fjölbreytni en einnig m.t.t. annarrar ræktunar/landbúnaðar. Til þess að meta land þarf bæði fjármagn til að greina hvaða land er hentugt til þessarar ræktunar og jafnframt til „skipulagsvinnu“ þar sem saman eru skoðaðar hinar ýmsu landnýtingaráætlanir s.s. í náttúruvernd og landbúnaði og skógrækt. Loftslagsmál eru ekki eini vandi jarðarinnar heldur einnig sífellt tap á líffræðilegri fjölbreytni. Aðgerðir til að minnka losun gróðurhúslofttegunda verða að taka tillit fleiri þátta en að reikna eingöngu losun eða bindingu kolefnis. Það þarf sem sagt að skoða vel **hvaða land er notað**. Það er vel þekkt víða erlendis hvernig ræktun á einni tegund hefur farið gríðarlega illa með lífríki svæða s.s. ræktun pálma til að vinna úr þeim olíu,



<https://portals.iucn.org/library/sites/library/files/documents/2018-027-En.pdf> , sjá einnig tillögu til þingsályktunar, þingskjal 120-120. mál. Þó hér sé sérstaklega bent á sanda sem ræktunarsvæði þá þarf engu að síður að hafa land til umráða og efnahagslegir hvatar geta oft leitt til þess að meira er hugsað um fjárhagslegan ávinning en umhverfislegan ávinning. Óþarfa framræsla lands er þekkt dæmi um það. Þá þarf einnig að stýra efnahagslegum hvötum svo hver sem er geti ekki notað hvaða lands sem er ef votta á ræktun á repju og nepju sem umhverfisvæna sjálfbæra nýtingu.

Að mati Náttúrufræðistofnunar er framangreind tillaga ekki fullunnin og virðist vera að taka sömu stefnu og skógrækt og binding kolefnis. Þar fer stór hluti, líklega lang stærstur hluti, skógræktar fram í þegar grónu landi og land oft rífið upp til að planta í það. Má í því sambandi benda á óskir Kolviðar um TTS flekkjun lands til að planta „loftslagsskógi“ við Úlfjótsvatn (samningur um 110 ha lands). Jafnvel er gengið svo langt að selja framtíðarskóga, fjárhagslegur ávinningur t.d. skógræktarféлага, sem bindingu á kolefni og uppbót fyrir losun þess í andrúmsloftið í dag. Engin trygging er þó fyrir því að árangur náist og enn síður hægt að tryggja að það kolefni sem þegar er búið að losa valdi ekki skaða. Það er því eindregin ábending frá Náttúrufræðistofnun að áður en lagt er til að styðja við repju og nepju rækt með almanna fé þá séu allar hliðar málsins skoðaðar. Og kröfur gerðar um „alvöru“ vottun sem tryggir að ræktunin sé umhverfisvæn í alla staði.

Virðingarfyllst



Jón Gunnar Ottósson
forstjóri



Trausti Baldursson
forstöðumaður vistfræði- og ráðgjafardeildar

